

Viðtakandi: iðnaðarnefnd Alþingis

Sendandi: Guðrún Þorleifsdóttir, iðnaðarráðuneyti

Dags: 19. mars 2009

394. mál

Efni: Stutt yfirlit yfir heimildir til frávika frá lögum skv. frumvarpi til laga um heimild til samninga um álver í Helguvík og samanburður við heimildir til frávika skv. lögum nr. 62/1997 um heimild til samninga um álbræðslu á Grundartanga og lögum nr. 12/2003, um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði.

#### A) Ýmis lög

- Undanþága frá ákvæði í lögum, um eignarétt og afnotarétt fasteigna, um að 4/5 hlutfjár hlutafélags skuli vera í eigu íslenskra ríkisborgara. (Sams konar ákvæði í lögum um Norðurál/Grundartanga og sambærilegt vegna Fjarðaáls en þar er rekstrarform annað)
- Undanþága frá lögum nr. 48/1994, um brunatryggingar enda tryggi félagið sig sjálf. (Sams konar ákvæði vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls)
- Undanþága frá lögum nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands. Þ.e. lögin gilda ekki um fyrirtækið heldur tryggir það sig sjálf. (Sams konar ákvæði vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls).

#### B) Skattar og gjöld

- Tekjuskattur verður ekki hærrí en 15% á samningstímanum en lækkar ef almenna hlutfallið verður lægra (Sams konar ákvæði í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls en þar er þó hámarkið 18%)
- Heimild að draga uppsafnað tap frá tekjum í 10 ár sem fer saman við þá almennu reglu sem gildir í dag (Sams konar ákvæði í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls en þar geta árin ekki orðið fleiri en 9 ef almenna reglna kveður á um færri ár)
- Sérreglur um fyrningu fastafjármuna (Sams konar ákvæði í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls)
- Undanþága frá greiðslu iðnaðarmálagjalds og markaðsgjalds (Sams konar ákvæði í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls)
- Heimild til að semja við sveitarfélögin Reykjanesbæ og Garð um fyrirkomulag við álagningu fasteignagjalda (Í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls eru einnig heimildir til að víkja frá almennum reglum um fasteignaskatt en í þeim lögum er útfærð sú reikniregla sem gildir vegna fasteignaskatts fyrir hvort verkefni).
- Heimild til frávika vegna greiðslu skipulagsgjalds og byggingarleyfisgjalds til sveitarfélaga (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðuráls/Grundartanga og Fjarðaáls).

- Semja má um að félagið verði undanþegið breytingum sem kunna að verða á reglum um frádrátt vaxtakostnaðar að teknu tilliti til meginreglna OECD um viðskipti tengdra aðila (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls).
- Heimild til sérreglna um stimpilgjöld (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls).
- Heimild til að undanþiggja félagið greiðslu rafmagnseftirlitsgjalds skv. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 14. gr. 146/1996 um öryggi raforkuvirkja o.fl. og vörugjaldi skv. 5. tölul. sama ákvæðis. (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls að því frátöldu að ekki er heimilt að undanþiggja þau félög gjaldi skv. 5. tölul. )
- Heimild til að semja svo um að ekki verði lagðir skattar á félagið vegna raforkukaupa eða raforkunotkunar eða losunar gróðurhúsalofttegunda eða annarra mengunarvalda nema slíkir skattar verði lagðir á öll fyrirtæki í landinu (Svipuð ákvæði en þó með nokkuð öðru orðalagi gilda vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls).
- Heimildir til að ákveða sérstakar reikningskilareglur og skrá færslur í Bandaríkjadöllum (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls).
- Heimild til að fella niður toila og vörugjöld vegna kaupa á byggingarefnum, vélum og tækjum til byggingar og reksturs verksmiðjunnar. (Sambærileg heimild í lögum vegna Norðurláts/Grundartanga og Fjarðaáls).